

Hlutfallsleg fækkun í þjóðkirkjunni

Hlutfall þeirra sem skráðir eru í þjóðkirkjuna hefur fækkað úr 92% í 86.1% á síðustu tíu árum. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. Fréttablaðið leitaði skýringa á málinu.



SÍÐA 18 ▶

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. janúar 2004 – 17. tölublað – 4. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík – sími 515 7500

SUNNUDAGUR




ÓFÆRT VIÐA UM LAND Snjó kyngdi niður víða um land í fyrri nótt og áttu öku-menn í mesta basli við að komast leiðar sinnar. Hellsheiði var lokað vegna ófærðar. Ófært var til Ísafjarðar um Strandir og Holtavörðuheidi. Sjá síðu 4

TUGIR FÁ UPPSAGNARBRÉF Uppsagnarbréf verða afhent tugum starfs-manna Landspítalans fyrir mánaðamót. Forstjóri spítalans segir ekkert benda til þess að ríkisvaldið bregðist við fjárhagsástandi. Sjá síðu 2

MANNVERND SENDIR ATHUGA-SEMD Samtökin Mannvernd munu senda athugasemdir vegna fyrirhugaðrar ríkisábyrgðar fyrir lánnum deCODE. Formaður Mannverndar, segir það koma á óvart að ríkisstjórnin hafi ekki hætt við ríkisábyrgðina í ljós þess hversu neikvæð skýrsla ESA sé. Sjá síðu 2

KALLI BJARNI NÝ STJARNA Nú poppstjarna er komin á sjónarsviðið. Karl Bjarni Guðmundsson sigraði í Idol-stjórmeilit Stöðvar 2 á föstudagskvöldið. Hann segist feginn að pressan sé yfirstaðin. Sjá síðu 6

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGLÆTISVEÐUR EN ÁFRAM KALT Hann andar af norðri og víða skýjað með köflum. Heldur vaxandi austan á með suðurströndinni þegar líður á kvöldið, engin læti þó. Hlýnar nokkuð á morgun. Sjá síðu 6.

DAGURINN Í DAG



KR MÆTIR NÚMA Tindastóll tekur á móti KFÍ í Intersportdeildinni í körfubolta klukkan 19.15. Á sama tíma mætast Keflavík og ÍS í bikarkeppni kvenna í Keflavík. Fylkir mætir Víkingi Reykjavíkurmótinu í fótbolta í Egilshöll klukkan 14. KR og Númi mætast klukkan 16 í sömu keppni.

Tónlist	34	Íþróttir	32
Leikhús	34	Sjónvarp	36
Myndlist	34		

Tugir bíða búsetu

Úrræði skortir fyrir fólk sem hefur lokið læknismeðferð. Forstöðumaður svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra segir nauðsynlegt að koma málunum í betra horf.

FÉLAGSMÁL Tugir einstaklinga bíða eftir búsetuúrræðum til að hægt sé að útskrifa þá af deildum á geðsviði Landspítala-háskóla-sjúkrahúss. Samkvæmt nýrri áfangaskýrslu nefndar á vegum svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík er gert ráð fyrir að fjöldi þessara einstaklinga verði kominn upp í 40–45 manns á næstu vikum.

Sparnaðarhugmyndir framkvæmdastjórnar Landspítala-háskólasjúkrahúss beinast meðal annars að athugun á því hvort hættu eigi allri starfsemi í Arnarholti. Þar dvelja nú tæplega 40 manns. Átta þeirra hafa búið þar um margra ára skeið. Hluti þeirra gæti flutt í sambýli ef slík úrræði væru fyrir hendi. Þá mætti hlíðra verulega til á öðrum stöðum

geðsviðs Landspítalans ef félagsmálasviðið væri tilbúið til að taka á móti þeim sem þar hafa lokið, eða eru um það bil að ljúka, læknismeðferð og gætu lifað góðu lífi utan spítalans með rétttri aðstoð og búsetuúrræðum. Björn Sigurbjörnsson, forstöðumaður svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, bendir á að til þurfi að koma samvinna félags-

málaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis til að koma þessum málum í betra horf. Sjálfur hefur hann sett ofangreinda nefnd skrifstofunnar á laggirnar til að kortleggja þörfina í Reykjavík. Hann gerir ráð fyrir að geta tekið í notkun átta ný pláss á sambýli fyrir geðfatlaða í Reykjavík á haustmánuðum. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/ROBERT

HORFT Í SPEGILINN Myndlistarsýning Ólafs Eliassonar, Frost Activity, var opnuð í Listasafni Reykjavíkur í gær við hátíðlega athöfn. Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og eiginkona hans Dóttir Moussaieff voru á meðal gesta. Hér sjást þau bregða á leik ásamt Ólafi og horfa upp í spegil sem hann hafði komið fyrir í loftinu. Eins og glögg má sjá var ljósmyndari Fréttablaðsins ekki sá eini sem var með myndavélina á lofti, enda var þetta kjörið „Kodak-moment“ ef svo má segja.

Verslunarráð Íslands:

Reglur um stjórnarhætti

VERSLUN Verslunarráð Íslands undirbýr í samvinnu við Kauphöll Íslands og Samtök atvinnulífsins reglur um stjórnarhætti í fyrirtækjum. Þetta kemur fram í viðtali við Þór Sigfússon, framkvæmdastjóra Verslunarráðs.

Þór segir reglur markaðsaðila vera heppilegri lausn á áföllum í viðskiptalífnum heldur en laga-setningu og segir fyrirtæki, og atvinnulífið í heild, hafa mikla hagsmuni af því að trausta ríki á milli fyrirtækja, hluthafa og almennings. Sjá síðu 14.

Ökumaður fékk aðsvif: Stórskemmdir fjölda bíla

UMFERÐARSILYS Sjö til átta bílar skemmdust verulega á bílastæði fyrir framan fjölbylishús við Stigahlíð um kvöldmatarleytið í gær.

Ökumaður Land Cruiser jeppabifreiðar fékk aðsvif þegar hann ók yfir gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Að sögn lögreglu fékk maðurinn flogaveikiskast. Bíllinn fór í gegnum vegrið og yfir tré áður en hann lenti á bílnum í bílastæðunum.

Ökumaðurinn var fluttur á sjúkrahús til aðhlyningar en var að sögn lögreglu ekki alvarlega slasaður. ■

Skilur ekki orð af því sem hann skrifar

Árni Snævarr fréttamaður hefur síðustu mánuði starfað sem fjölmiðlafulltrúi hjá ÖSE, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu með aðsetur í Pristina í Kosovo. Fréttablaðið ræddi við hann um lífið í Kosovo.



SÍÐA 19 ▶

Vill styrkja Ríkisútvarpið

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segist vilja styrkja Ríkisútvarpið. Það hafi mikilvægu menningarlegu hlutverki að gegna. Hún segir Ríkisútvarpið þó ekki mega vera þannig að það kæfi einkamiðlana.



SÍÐUR 20-21 ▶